372. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 17. september 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.

Mættir:
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Auður Kjartansdóttir í fjarveru JBJ
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) **Bréf frá SSV, dags. 7. september 2026, varðandi Haustþing SSV 2026.**
Fulltrúar Snæfellsbæjar á haustþingi SSV eru Auður Kjartansdóttir, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Jón Bjarki Jónatansson og Júníana Björg Óttarsdóttir.

2) **Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.**
Bæjarráð samþykkti framlagðar reglur samhljóða.

3) **Bréf frá SÍS, dags. 8. september 2026, varðandi notendaráð sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.

4) **Bréf frá VR, LÍV og FF, dags. 14. september 2026, varðandi forsendur kjarasamninga.**
Lagt var fram svarbréf til verkalýðsfélaganna og var það samþykkt samhljóða.

5) **Bréf frá stjórn Nemendafélags FSN, dags. 14. september 2026, varðandi styrk vegna West Side.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 200.000.- ásamt því að fella niður húsaleigu í félagsheimilinu Klifi, enda fellur verkefnið undir reglur bæjarstjórnar um slíkar niðurfellingar.

6) **Bréf frá bæjarstjóra, dags. 11. september 2026, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að kosta hönnun bygginga vegna íbúða 60+ og stækkunar á húsnæði tónlistarskóla og bókasafns.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu allt að kr. 40.000.000.- vegna þessa verks og verður fjárveitingin tekin af liðnum 27, ófyrirséð.

7) **Bréf frá skólastjóra, dags. 14. september 2026, varðandi beiðni um aukafjárveitingu vegna framkvæmda í eldhúsi GSNB í Ólafsvík.**
Bæjarráð samþykkti aukafjárveitingu allt að kr. 15.000.000.- til að koma til móts við aukakostnað við verkið. Verður aukafjárveitingin tekin af liðnum 27, ófyrirséð.

8) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
   a) Heimir Berg mætti á fundinn til að fara yfir verkefni vetrarins í markaðs- og kynningarmálum.
   b) Smári Jónas mætti á fundinn og fór yfir sorpmálin í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:31

Júníana Björg Óttarsdóttir

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Auður Kjartansdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari